



Alþingi Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1.11.2013  
Tilvísun: 201310-0009

**Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.).**

ASÍ hefur eftirfarandi athugasemdir og ábendingar varðandi frumvarpið:

1) Verðlagsuppfærsla skatta og gjalda.

ASÍ gerir athugasemdir við þær fjölmörgu hækkanir á krónutölusköttum og gjaldskrá sem lagðar eru til í frumvarpinu. Að uppreikna fjölda skatta og gjalda með væntri verðbólgu skv. spá Hagstofu Íslands er óheppileg nálgun á tekjuhlið fjárlaga. Með því er verið að nota vænta verðbólgu til að leggja grunn að aukinni verðbólgu enda kemur fram að fjármálaráðuneytið metur það svo að frumvarpið verði það óbreytt að lögum muni leiða til 0,3% hækkunar á vísitölu neysluverðs.

Rétt er að benda á að umræddir skattar og gjöld eru ekki verðtryggð skv. lögum og því eðlilegt að þörf fyrir hækkun sé metin í hverju tilfelli fyrir sig í stað þess að nota almennar forsendur við útreikning hækkana.

Einnig er rétt að benda á að í aðdraganda síðustu kosninga gagnrýndi þáverandi stjórnarandstaða þann mikla fjölda af breytingum á skattalögum sem þáverandi ríkisstjórn hafði beitt sér fyrir til að ná í auknar tekjur. Þegar sú gagnrýni var sett fram var ljóst að stór hluti þeirra breytinga á lögum var einmitt vegna hækkana á krónutölusköttum og gjaldskrá sem hér eru gagnrýnd. Það eru því væntingar um að ný ríkisstjórn beiti sér fyrir breyttum vinnubrögðum.

2) Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

Mikilvægi nýsköpunarfyrirtækja er sjaldan meira en þegar dauft er yfir efnahagslífinu eins og nú er. ASÍ telur því að það sé skammsýni að draga úr stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki og dregur í efa að það skili 300 milljónum í auknum tekjum á árinu 2015.



### 3) Fæðingar- og foreldraorlof

Fyrirhugaðar breytingar á lögnum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof fela í sér að lágmarksgreiðslur laganna verða óbreyttar að raungildi, hámarksgreiðslur sem foreldrar geta átt rétt á hækka um 2,6% að raungildi og fallið er frá lengingu fæðingarorlofs.

Framlög til Fæðingaorlofssjóðs voru skert mikið í kjölfar hrunsins. Á síðasta ári voru stigin skref í þá átt að efla þjónustu sjóðsins að nýju með breytingum á lögnum um fæðingar- og foreldraorlof. ASÍ studdi þær áherslur sem þar voru lagðar til og þá ekki síst lengingu fæðingarorlofsins í 12 mánuði sem þá var lögfest.

ASÍ telur mikilvægt að ekki verði snúið af þeirri braut að byggja upp þjónustu Fæðingarorlofssjóðs. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það hafa í för með sér 405 milljón króna raunsparnað á árinu 2014 þar sem það sparar ríkissjóði 555 milljónir króna að falla frá lengingu fæðingarorlofs en viðbótarútgjöld sjóðsins vegna hækkunar á hámarksgreiðslum úr 250.000 í 370.000 króna kosta ríkissjóð 150 milljónir króna.

ASÍ leggur því áherslu á að ekki verði fallið frá lengingu fæðingarorlofs í áföngum.

### 4) Starfsendurhæfingarsjóðir

ASÍ bendir á að framlag ríkissjóðs til starfsendurhæfingarsjóða byggir á samkomulagi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða grundvallast á því samkomulagi. Samkvæmt lögnum er gert ráð fyrir að starfsendurhæfingarsjóðir séu fjármagnaðir með framlagi atvinnurekenda, lífeyrissjóða og ríkis. Framlag hvers aðila skal nema 0,13% af stofni til iðgjalds skv. 3. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samkomulag var um að framlag ríkisins kæmi inn í áföngum.

Verði 29. gr. frumvarpsins óbreytt að lögum er það á skjön við framangreint samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Ef það er vilji stjórnvalda að gera breytingar á því samkomulagi sem fjármögnun starfsendurhæfingarsjóða byggir á er eðlilegt að stjórnvöld taki upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins um breytingarnar og ráðstöfun þessara fjármuna.



## 5) Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks

Í 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- eða slysaforfalla segir m.a:

*„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.“*

Þessi grein hefur verið túlkuð þannig að vegna hráefnisskorts sé heimilt að senda fiskverkafólk heim fyrirvaralítið án greiðslu uppsagnarfrests. Löggjafinn hefur því gert fiskverkafólk (og raunar aðra þá hópa sem taldir eru upp í greininni) réttminni en aðra á vinnumarkaði. Til þess að koma til móts við þessa réttindaskerðingu er tryggt með lögum nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks að fiskverkafólk geti haldið launum í tímabundinni vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts eða eins og segir í 1. gr. laganna:

*„Vinnuveitandi, sem greiðir starfsfólki sínu föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamnings um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði eftir því sem segir í lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim. Með tímabundinni vinnslustöðvun er í lögum þessum átt við að hráefnisskortur [eða aðrar viðlíka ástæður]<sup>1)</sup> valdi því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis.“*

Verði lög nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks felld brott mun það ekki hafa áhrif á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði þar sem fiskverkafólk mun eiga rétt á bótum úr sjóðnum vegna atvinnuleysis sem jafngilda þeim greiðslum sem fiskvinnslan fær í dag. Brottfall laganna mun hins vegar leiða til sparnaðar í launagreiðslum fiskvinnslunnar þar sem fiskverkafólk fellur af launaskrá við þessar aðstæður.

Fiskvinnslufólk er sá hópur sem skv. lögum býr við lökustu uppsagnarvernd á íslenskum vinnumarkaði. Eðlilegt er að ríkisvaldið taki upp viðræður við Starfsgreinasamband Íslands um breytingar á framangreindu fyrirkomulagi skertrar uppsagnarverndar og greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þær viðræður verða að snúast um það að tryggja fiskverkafólki sambærilegt starfsöryggi og almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði.



Verði ekki annað gert en að fella brott lög nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks er það áráð á kjör þess fólks. Á það getur ASÍ ekki fallist.

F.h. Alþýðusambands Íslands

*Ólafur Darri Andrason*

---

Ólafur Darri Andrason  
hagfræðingur ASÍ